

Aðalfundur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH)
haldinn miðvikudaginn 23. mars 2022, kl. 12:00 – 13:30, í
aðalfundarsal BHM að Borgartúni 6, 4. hæð.

Samtals sóttu 20 félagsmenn fundinn

Dagskrá samkvæmt lögum félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
2. Reikningar félagsins
3. Tillögur félagsstjórnar
4. Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun félagsgjalda
7. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins
8. Önnur mál

Dagskrá:

Fundur var settur kl. 12.05

Stefán Þór Björnsson setti fundinn. og bauð félagsmenn velkomna.

Stungið var upp á að Jóngeir Hlinason yrði fundarstjóri og var það samþykkt

Fundarritari var valinn Björn Bjarnason

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári

Stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2020 – 2021.

Farið var yfir helstu verkefni stjórnar og þátttöku félagsmanna í stjórnnum og ráðum á vegum BHM. Starfsmenn voru tveir á árinu auk eins með tímabundna ráðningu á árinu.

1795 félagsmenn voru í árslok auk 206 með námsmannaaðild. Unnið er markvisst að því að fjölga félagsmönnum.

Gerðir voru þrjár stofnanasamningar á árinu og eru 7 í vinnslu.

Undirbúningur er kominn af stað vegna komandi kjarasamninga og mun BHM veita aðstoð við gerð þeirra en félagið sér um að semja fyrir sína félagsmenn. Einn liður í undirbúningi er

að stjórnarmenn og samningamenn hafa sótt námstefnur um samningagerð á vegum ríkissáttasemjara.

Í síðasta mánuði lét Guðfinnur Newman af störfum sem framkvæmdastjóri einnig hefur Steinar Lúðvíksson hafið störf á öðrum vettvangi og þakkar stjórn þeim góð störf.

Oddgeir Ágúst Ottesen tekið við starfi framkvæmdastjóra og hóf störf 15. mars s.l. Einnig er verið að vinna í því að ráða annan starfsmann.

Á komandi starfsári verður áhersla lögð á að undirbúa kjarasamningsviðræður með ítarlegri greiningu á samningsmarkmiðum KVH

2. Reikningar félagsins

Helga S Sigurðardóttir fór yfir reikninga KVH og Vísindasjóðs KVH.

RR: Rekstrartekjur félagsins voru kr. 110 millj. kr. og hækka um 9 m.kr. á árinu vegna fjölgunar félagsmanna og hækkunar launa. Rekstrargjöld kr. 81 millj. kr. Laun og launatengd gjöld lækka um 4 m.kr. sem skýrist af að orlofsskuldbindingu sem var gjaldfærð á fyrra ári og kjarasamningsbundnum launahækkunum. Að sama skapi lækkar annar rekstrarkostnaður um 3 mkr. Hagnaður ársins 2021 að teknu tilliti til fjármagnsliða var kr. 28.079.746, en var tæpar 12 millj kr. á síðasta ári, þegar búið var að leiðrétta hann vegna orlofsskuldbindingar.

Spurning kom um eignarhlut í Borgartúni BHM. Þetta er hlutdeild í eignarhluta hjá BHM og breytist því í samræmi við uppgjör á því húsi.

Spurt um útistandandi iðgjöldum í árslok. Þetta kemur að mestu til greiðslu í janúar.

Spurt um lögfræðikostnað, sem er lægri vegna þess að það fékkst endurgreiddur kostnaður vegna þess að mál vannst.

Spurt var um hvernig fjöldi félagsmanna skiptist milli opinberra starfsmanna og í einkageira. Svarað var að u.þ.b. helmingur félagsmanna ynni í einkageira.

Reikningar KVH og vísindasjóðs KVH bornir upp til samþykktar og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Skýrslur og tillögur nefnda

Engar skýrslur eða tillögur

4. Tillögur félagsstjórnar

Engar tillögur

5. **Kosning í embætti stjórnar og önnur trúnaðarstörf**

Í framboði eru:

Sigríður Svavarsdóttir til ritara og Ingólfur Sveinsson til meðstjórnanda til tveggja ára.

Karl Einarsson, Guðmundur Halldór Björnsson og Gunnar Ólafsson buðu sig fram sem varamenn til eins árs.

Þar sem ekki þarf að kjósa í nein af þessum embættum eru öll sjálfkjörin

6. **Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

7. **Ákvörðun félagsgjalda**

Tillaga um óbreytt félagsgjöld, 0,6% af launum, var samþykkt

8. **Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins**

Helga S Sigurðardóttir gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun og fjárfestingastefnu ársins 2022.

Gert er ráð fyrir að tekjur vegna félagsgjalda hækki um 6 millj. kr.

Einnig er gert ráð fyrir:

- Hóflegri hækkun félagsgjalda vegna 2,5% aukningu félagsmanna og launahækkana,
- Kostnaður vegna ferða og ráðstefna og kynningarmála hækka en þær hafa ekki verið á síðustu árum vegna covid,
- óbreyttum greiðslum til BHM,
- stefnt er að því að fara stefnumótunarvinna, endurnýjun á heimasíðu og fleiri verkefni sem veldur kostnaðarauka miðað við fyrri ár.
- Hækkun á rekstrarframlagi til húsfélagsins vegna aukins eignarhlutar. Lagt til að fjárfestingarstefna 2022 – 2023 verði óbreytt.

Fjárhags- og fjárfestingaráætlun er samþykkt

9. Önnur mál

Oddgeir Ágúst Ottesen nýr framkvæmdastjóri KVH kynnti sig lítillga.

Fundarstjóri bauð hann velkomin til stafa fyrir hönd félagsins.

Stefán Þ Björnsson þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið og sleit fundi.

.

Fundi slitið kl. 12:58